

# FUNDARGERÐ

## 601. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 16. mars, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Pórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn að hluta.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

II – 2 Áskorun frá stjórn Visit-Vík.

II – 3 Erindi frá stjórn Sólheimakapellu.

II – 4 Erindi vegna landaskipta í landi Höfðabrekku.

*Afbrigðin samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

### 2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 279. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 6. apríl 2020. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

#### 2.1. Hringtorg – gatnamót við Austurveg 16 – 20 - Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Vegagerðin sótti um framkvæmdaleyfi fyrir gerð hringtorgs á vegamótum Austurvegar og Sléttuvegar auk breytinga við vegtengingar að Austurvegi 16 – 20. Nefndin lagði til að stútur úr hringtorgi til suðurs verði útbúinn en beðið með að leggja veg að honum þar til nýr þjóðvegur verður lagður skv. aðalskipulagi og að leitað verði annarra leiða til að aðgreina akstursleiðir á Austurvegi án þess að breikka veginn. Að öðru leyti samþykkti nefndin útgáfu framkvæmdaleyfis.

*Frá því á fundi skipulagsnefndar hefur samkomulag náðst um fullnægjandi breytingar á tillögu Vegagerðarinnar vegna aðgreiningar á akstursleiðum á Austurvegi. Í ljósi þess samþykkir sveitarstjórn útgáfu framkvæmdaleyfisins. Sveitarstjórn samþykkir tengingu frá hringtorgi að bílastæði á Austurvegi 20 með fyrirvara um að samkomulag náist við lóðarhafa á Austurvegi 20 um að sú tenging sé í tengslum við heildarskipulag þjónustulóðanna á Austurvegi 16 – 20.*

2.2. Sunnubraut 22 – Umsókn um stækkun lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn frá Orra Örvarssyni um stækkun lóðarinnar Sunnubraut 22 um 5 metra til austurs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.3. Sunnubraut 22 – Umsókn um byggingarleyfi.

Nefndin samþykkti umsókn um byggingarleyfi frá Orra Örvarssyni fyrir einbýlishús við Sunnubraut 22 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.4. Víkurbraut 21 – Umsókn um breytingu á lóð.

Vala Hauksdóttir f.h. Kötluseturs sótti um breytingu á lóð og byggingarreit fyrir Halldórsbúð við Víkurbraut 21. Nefndin samþykkti að Halldórsbúð yrði færð til austurs um tvo metra og til norðurs um tvo metra miðað við framlagða umsókn.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.5. Skeiðflöt – Deiliskipulagstillaga.

Nefndin samþykkti tillöguna þar sem brugðist hafði verið við athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.6. Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi.

Nefndin samþykkti tillöguna þar sem brugðist hafði verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

2.7. Víkurbraut 21A – Umsókn um stækkun lóðar.

Gísli Daníel Reynisson f.h. Mýrdælings ehf. sótti um stækkun á lóðinni Víkurbraut 21A um 30 metra til suðurs og 21 metra til austurs. Nefndin hafnaði umsókninni þar sem umrætt svæði er utan skipulags. Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa að hefja gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

### 3. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram fundargerð 252. fundar fræðslunefndar Mýrdalhrepps frá 31. mars 2020. Eftirfarandi er til samþykktar í sveitarstjórn.

3.1. Starfsáætlun Mánalands 2019 – 2020.

Nefndin samþykkti breytingu á starfsáætlun leikskólans sem fólst í endurskipulagningu starfsdaga vegna þess að fyrirhuguð námsferð féll niður sökum Covid-19 faraldursins.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

#### **4. Bréf frá forstöðumanni Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.**

Lagt fram erindi frá forstöðumanni Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu þar sem þess er farið á leit við sveitarstjórnir að kennurum og starfsfólki leikskóla verði gefinn kostur á að sækja svokallaðan menntadag 12. ágúst 2020.

*Sveitarstjórn tekur vel í erindið og felur stjórnendum Mánalands að gera ráð fyrir auka starfsdegi 12. ágúst nk. vegna Menntadagsins. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til skólaþjónustunnar að dagskrá Menntadagsins verði þannig úr garði gerð að hún nýtist einnig því starfsfólki sem ekki er að fullu íslenskumælandi.*

#### **5. Áskorun frá stjórn VisitVík.**

Lagt fram erindi frá stjórn VisitVík þar sem skorað er á sveitarstjórn að ganga lengra en ákveðið var á síðasta fundi sveitarstjórnar þar sem gjalddögum fasteignagjalda var frestað og fella þess í stað niður fasteignagjöld í einn til tvo mánuði.

*Sveitarstjórn þakkar stjórn VisitVík fyrir erindið og tekur undir áhyggjur af stöðu ferðaþjónustunnar vegna afleiðinga Covid-19 faraldursins. Eins og samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 31. mars sl. var um að ræða fyrstu skref sveitarfélagsins til þess að draga úr efnahagslegum áhrifum Covid-19 í Mýrdalshreppi og sveitarstjórn mun áfram hafa til skoðunar aðrar aðgerðir eftir því sem aðstæður breytast. Rétt er þó að benda á að sveitarstjórnarlög heimila ekki niðurfellingu fasteignagjalda en komi til lagabreytingar af hálfu Alþingis þar um þá mun sveitarstjórn endurmeta stöðuna.*

#### **6. Erindi frá stjórn Sólheimakapellu.**

Lagt fram erindi frá stjórn Sólheimakapellu þar sem óskað er eftir því að fjallskil fyrir árið 2019 og framvegis verði felld niður enda hafi Sólheimakapella enga tekjustofna. Áður hefur sama erindi verið lagt fram og samþykkt af sveitarstjóra.

*Sveitarstjórn samþykkir að verða við beiðninni.*

#### **7. Erindi vegna landaskipta í landi Höfðabrekku.**

Lagt fram erindi frá Bernhard Bogasyni lögfræðingi f.h. eigenda Höfðabrekku þar sem sótt er um að jörðinni Höfðabrekku verði skipt upp í tvo hluta; Hótel Höfðabrekku og Höfðabrekku jörð. Lagt er til að hlunnindi og lögbýlisréttur fylgi Höfðabrekku jörð.

*Sveitarstjórn vísar til 13. gr. jarðalaga þar sem segir að skipti á landi skulu staðfest af ráðherra sem óskar eftir umsögnum um málið. Sveitarstjórn leggur til við hlutaðeigandi aðila að erindinu verði beint til ráðuneytis og áskilur sér rétt til að taka afstöðu til erindisins þegar umsagnarbeiðni berst.*

#### **8. Samningur um afhendingu götulýsingakerfis til eignar í Mýrdalshreppi.**

Lögð fram drög að samning milli Mýrdalshrepps og RARIK ohf. þar sem sveitarfélagið yfirtekur og eignast götulýsingakerfi RARIK í sveitarfélaginu.

*Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.*

#### **9. Vinnuskóli fyrir börn í 8., 9. og 10. bekk.**

Lögð fram tillaga um að sveitarfélagið starfræki vinnuskóla sumarið 2020.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að kynna hana fyrir nemendum og auglýsa starf hópstjóra vinnuskólans.*

#### **10. Úthlutun á íbúð í almenna leiguíbúðakerfinu að Austurvegi 31 í Vík.**

Þrjár umsóknir bárust um íbúðina.

*Sveitarstjórn samþykkir á grundvelli úthlutunarreglna að úthluta Magdalenu Lidju Rutkowska og Ryszard Rutkowski íbúðinni.*

#### **11. Fundargerðir til kynningar.**

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 203. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 24. mars 2020.

Fundargerð 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 27. mars 2020.

Fundargerð 75. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, haldinn 19. mars 2020.

Fundargerð 45. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, haldinn 7. apríl 2020.

#### **12. Kynningarefni.**

Eftirfarandi kynningarefni lagt fram til kynningar:

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30. mars 2020.

Ályktun frá Landssambandi eldri borgara.

Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 7. apríl 2020.

Fundargerðir 8 fyrstu funda menntamálaráðherra með ábyrgðaraðilum skólahalds í leik-, grunn- og háskólum ásamt fleiri hagsmunaaðilum vegna Covid-19.

**Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:20**

---

Einar Freyr Elínarson, oddviti

---

Ingi Már Björnsson

---

Drífa Bjarnadóttir

---

Páll Tómasson

---

Þórey Richardt Úlfarsdóttir